

Ed.

285. Nefndarátt

um frumvarp til laga um breyting á lögum 18. sept. 1885 um stofnun Landsbanka.

Vjer, sem háttvirt efri deild kaus til að athuga frumvarp þetta, leggjum hjer fram árangurinn af starfi voru.

Frumvarpið er í 2 málsgreinum, og er það að segja um hina fyrri þeirra, að nefndin hefir klofnað í þrent um hana. Einn nefndarmanna (E. Br.) leggur til, að hún haldist, annar (G. G.) vill breyta henni þannig, að í stað orðanna: »í Suður-Múlasýslu« komi: á Austfjörðum. Þriðji (B. Þ.) vill fella greinina, og ekki hrófla við þeim lagaákvæðum sem nú eru.

Rök fyrir þessum 3 ólíku tillögum þykir ei hlýða að telja hjer, og verða þau að biða framsögunnar og umræðanna um málið.

Um síðari lið frumvarpsins hefir nefndinni komið saman.

Hún álitur að ekki geti komið til mála, að Landsbankinn fari nú eða í nálægri framtíð að setja upp reglulegt útibú erlendis. Til þess væru engin tæki, og bankanum stæði miklu nær að koma upp nægilegum útibúum í landinu sjálfu.

En aftur á móti verður þess ekki dulist, að hagfelt gæti verið fyrir bankann að setja upp kostnaðarlitla afgreiðslustofu í útlöndum, ef því yrði komið við.

En þá framkvæmd um afgreiðslustofu erlendis vill nefndin binda samþykki landsstjórnarinnar, eins og lögin frá 18. sept. 1885 binda það samþykki landshöfðingja, að »aukabankar« fyrir utan Reykjavík væru settir á stofn.

BREYTINGARTILLÖGURNAR

verða þá þessar:

1. Fyrri málsgreinin falli burt. B. Þ.
2. Fyrir orðin: »í Suður-Múlasýslu«, komi: á Austfjörðum. G. G.
3. Fyrir orðin: »Svo er . . . eða« komi: Svo er og bankanum heimilt, með samþykki ráðherra, að setja upp

Efri deild Alþingis 16. ágúst 1912.

Eiríkur Briem,
formaður.

Björn Þorláksson,
skrifari og framsögum.

Guðjón Guðlaugsson.